

Innviðaráðuneyti

Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála

irn@irn.is

Reykjavík, 10. mars 2026

Efni: Umsögn Samorku um könnun um einföldun regluverks um verkefni sveitarfélaga, mál í samráðsgátt nr. S-27/2026

1. Inngangur

Samorka þakkar fyrir tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum um einföldun regluverks um verkefni sveitarfélaga.

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa raforkuframleiðendur, flutnings- og dreififyrirtæki raforku, hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur. Rekstur þessara innviða er ein af grundvallarforsendum samfélagslegrar velferðar, atvinnulífs og byggðapróunar á Íslandi.

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í rekstri og uppbyggingu þessara innviða. Annars vegar eru sveitarfélög í mörgum tilvikum eigendur og rekstraraðilar orku- og veituuminnviða og hins vegar fara þau með skipulagsvald og leyfisveitingar sem tengjast uppbyggingu orku- og veitumannvirkja. Án örugggra og traustra orku- og veituuminnviða getur samfélagið hvorki staðið undir grunnþjónustu né tryggt efnahagslegan stöðugleika til framtíðar.

Samorka styður markmið stjórnvalda um einföldun regluverks og skilvirkari stjórnsýslu.

Í umsögn þessari leggur Samorka fram tillögur sem einkum lúta að:

- stjórnsýslu vatnsveitna sveitarfélaga,
- fjárfestingarumhverfi vatns- og fráveitna,
- skipulagsvaldi sveitarfélaga og ábyrgð þeirra á almannahagsmunum,
- samráði við veitufyrirtæki í skipulagsferlum,
- forgangi mikilvægra innviða í stjórnsýsluferlum.

2. Stjórnsýsla vatnsveitna

Vatnsveitur eru einn mikilvægasti grunninnviður samfélagsins. Í þéttbýli ber sveitarfélögum að starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja eins og segir í 1. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Samkvæmt gildandi skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta heyra flest verkefni tengd vatni og vatnsveitum undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Má í því samhengi nefna stjórn vatnamála samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, fráveitur, vatnalög og lög um nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998. Þá mun umtalsverður hluti verkefna heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sem snúa að vatnsveitum flytjast til Umhverfis- og orkustofnunar verði áform stjórnvalda um einföldun regluverks og aukna skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum að lögum. Á sama tíma heyra vatnsveitur sveitarfélaga undir innviðaráðuneytið á grundvelli þess að þær eru hluti af verkefnum sveitarfélaga.

Þessi skipting leiðir til þess að stjórnsýsla vatnsveitna er klofin milli ráðuneyta, sem skapar óþarfa flækjustig í stjórnsýslu málaflokksins.

Samorka leggur til að:

- stjórnsýsla vatnsveitna sveitarfélaga verði færð til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis,
- stjórnsýsla allra veituinnviða verði samræmd innan sama ráðuneytis,
- eftirlit og stefnumótun á sviði vatns verði samræmd hjá Umhverfis- og orkustofnun.

Slík breyting myndi einfalda stjórnsýslu málaflokksins og skapa aukna samlegð milli þeirra aðila sem fara með vatnamál.

3. Fjárfestingarumhverfi vatns- og fráveitna

Sveitarfélög og veitufyrirtæki standa frammi fyrir umfangsmiklum fjárfestingum á næstu árum í veituinnviðum. Þannig kom fram í könnun Samorku frá árinu 2025 að á næstu fimm árum væru framundan fjárfestingar hjá aðildarfyrirtækjum Samorku í hitaveitu, fráveitu og vatnsveitu sem næmu um 182 milljörðum króna.

Í mörgum tilvikum er hér um að ræða innviði sem eru komnir verulega til ára sinna og framundan er mikil endurnýjun. Þá er ljóst að umfangsmikilla fjárfestinga verður þörf til að uppfylla kröfur um hreinsun fráveitu í þéttbýli.

Til að sveitarfélög og veitufyrirtæki geti ráðist í slíkar framkvæmdir þarf fjárfestingarumhverfi veituinnviða að vera skýrt og fyrirsjáanlegt.

Samorka hefur bent á að núverandi lagaumhverfi er óljóst þegar kemur að heimild vatns- og fráveitna til að reikna arðsemi á eigið fé. Slík óvissa getur torveldað fjármögnun og tafið uppbyggingu innviða.

Samorka leggur til að í lögum verði skýrt kveðið á um heimild vatns- og fráveitna til að reikna hæfilega arðsemi á eigið fé.

Slík heimild mundi styrkja fjárhagslega sjálfbærni veituinnviða, auðvelda fjármögnun framkvæmda og stuðla að tímanlegu viðhaldi og endurnýjun innviða.

4. Vernd veituinnviða

Samorka hefur bent á að nokkuð skorti á að lagaleg vernd innviða sé fullnægjandi með hliðsjón af samfélagslega mikilvægu hlutverki þeirra.

Samorka telur að í þessu samhengi megi hafa hliðsjón af ákvæðum sem sett hafa verið í lögum um fjarskipti nr. 70/2022 um vernd fjarskiptavirkja og heimildir fjarskiptafyrirtækja til að leggja og reka fjarskiptainnviði. Þessi ákvæði endurspeglar þá viðurkenningu löggjafans að fjarskiptainnviðir séu samfélagslega mikilvægir og að tryggja þurfi bæði vernd þeirra og rekstraröryggi.

Í 34. gr. fjarskiptalaga er kveðið á um heimildir fjarskiptafyrirtækja til að leggja fjarskiptalagnir og koma upp fjarskiptavirkjum. Í ákvæðinu felst meðal annars að fjarskiptafyrirtæki geti, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, fengið heimildir til að leggja fjarskiptalagnir í eða yfir land annarra og nýta mannvirki eða lagnaleiðir til að tryggja uppbyggingu og rekstur fjarskiptainnviða. Markmið ákvæðisins er að tryggja að uppbygging samfélagslega mikilvægra fjarskiptainnviða verði ekki óhóflega flókin vegna eignarhalds eða aðgangs að landi.

Í 86. gr. fjarskiptalaga er síðan kveðið á um vernd fjarskiptavirkja. Þar er meðal annars lagt bann við því að reisa mannvirki eða framkvæma verk sem geta valdið skemmdum á fjarskiptavirkjum eða truflað rekstur þeirra. Ákvæðið felur einnig í sér skýra ábyrgð þeirra sem framkvæma verk í nágrenni fjarskiptavirkja og tryggir þannig aukið öryggi fjarskiptakerfa.

Samorka telur að sömu sjónarmið eigi við um orku- og veitunnviði. Raforkukerfi, hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur eru ekki síður mikilvægir samfélagsinnviðir en fjarskiptakerfi. Skemmdir á slíkum innviðum geta haft veruleg áhrif á samfélagið í heild, þar á meðal á lýðheilsu, atvinnulíf og öryggi almennings.

Reynsla veitufyrirtækja sýnir að skortur á skýrum lagareglum um vernd veitunnviða getur leitt til aukinnar hættu á skemmdum á lögnum og öðrum innviðum við framkvæmdir, óvissu um ábyrgð og kostnað vegna slíkra skemmda, tafa og aukins kostnaðar við uppbyggingu og rekstur innviða.

Samorka telur því mikilvægt að sett verði skýr lagaákvæði um vernd orku- og veitunnviða sem taki mið af þeim reglum sem gilda um fjarskiptainnviði.

Samorka leggur til að í raforkulögum, lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna og eftir atvikum öðrum lögum um veitunnviði verði:

1. **Sett ákvæði um vernd veitunnviða sambærileg 86. gr. fjarskiptalaga**, þar sem kveðið verði á um bann við framkvæmdum sem geta valdið skemmdum á veitunnviðum eða truflað rekstur þeirra.
2. **Lögfestar skýrar heimildir veitufyrirtækja til lagnaframkvæmda**, sambærilegar þeim sem fram koma í 34. gr. fjarskiptalaga, þannig að tryggt sé að uppbygging veitunnviða í almannabágu verði skilvirk og örugg.
3. **Skýr ábyrgð framkvæmdaraðila** sem vinna í nágrenni veitunnviða til að afla upplýsinga um legu þeirra og tryggja að framkvæmdir valdi ekki tjóni, þar á meðal í tengslum við strengi og lagnir í sjó.

Með slíkri lagasetningu yrði vernd veitunnviða færð til samræmis við þá vernd sem þegar gildir um fjarskiptainnviði. Það myndi styrkja rekstraröryggi samfélagslega mikilvægra innviða og stuðla að einfaldari og fyrirsjáanlegri stjórnsýslu.

5. Samráð við veitufyrirtæki í skipulagsferlum

Reynsla veitufyrirtækja sýnir að veitunnviðir koma ekki alltaf nægilega snemma inn í skipulagsferli sveitarfélaga.

Afleiðingar þess geta verið að byggt sé yfir borholur eða aðgengi að þeim skerðist, að ekki sé gert ráð fyrir lagnaleiðum eða að veitunnviðir þurfi að flytjast til með verulegum kostnaði.

Veitufyrirtæki hafa bent á að skortur á samráði við skipulagsgerð geti haft neikvæð áhrif á langtímaöryggi veitu- og orkukerfa.

Samorka leggur til að veitu- og orkufyrirtæki verði skilgreind sem skylduumsagnaraðilar við gerð aðal- og deiliskipulags samkvæmt skipulagslögum, helgunarsvæði veituinnviða verði skilgreind í lögum og tryggð verði vernd veituinnviða í skipulagi.

6. Lokaorð

Samorka styður markmið stjórnvalda um einfaldara regluverk um verkefni sveitarfélaga. Mikilvægt er að slíkar breytingar taki mið af því að sveitarfélög gegna lykilhlutverki í uppbyggingu samfélagslega mikilvægra innviða.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til í umsögn þessari er hægt að:

- einfalda stjórnslu,
- styrkja fjárfestingarumhverfi veituinnviða,
- tryggja samræmi í skipulagsmálum,
- stuðla að hraðari uppbyggingu innviða í þágu samfélagsins.

Samorka er reiðubúin til áframhaldandi samstarfs við stjórnvöld og sveitarfélög um útfærslu þessara tillagna.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur